

nefndum ferðum greiddu stefnda um leið og þeir keyptu farseðla.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 21. maí 1949.

Nr. 10/1949. **Trésmiðafélag Reykjavíkur**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.

Almenna byggingarfélagssins h/f

(Björgvin Sigurðsson hdl.)

Varadómari Ragnar Jónsson
í stað Gunnlaugs E. Briem.

Kjarasamningar. Vinnusamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 ekki talinn vera fyrir hendi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Trésmiðafélagi Reykjavíkur gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Almenna byggingarfélagssins h. f. með stefnu, dags. 12. þ. m. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að kauptaxti Trésmiðafélagssins, sem tilkynntur var með auglýsingu 7. apríl s. l. og kom til framkvæmda 10. s. m., sé jafn bindandi fyrir stefnda sem um skriflegan vinnusamning samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 væri að ræða milli aðilja máls þessa. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins eru þessi:

Stefnandi hefur haft þann hátt á um ákvörðun kaups félagsmanna sinna, að ekki hafa verið gerðir kjarasamningar við vinnuveitendur, heldur hefur kaupíð verið ákveðið með einhliða ákvörðun stefnanda og hann auglýst kauptaxta, sem aðeins virðist hafa geymt ákvæði um fjárhæð vinnulauna á klukkustund. Í samræmi við þessa tilhögun var samþykkt

við allsherjaratkvæðagreiðslu, er fór fram í Trésmiðafélagi Reykjavíkur 2. og 3. apríl síðastliðinn, að hækka kaupgjald félagsmanna, og á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins 5. apríl s.l. var samþykkt, að hinn nýi kauptaxti skyldi ganga í gildi frá 10. s. m. Kauptaxti þessi var síðan auglýstur í öllum dagblöðum Reykjavíkur með svohljóðandi auglýsingu:

„Trésmiðafélag Reykjavíkur tilkynnir:

Að undangenginni allsherjaratkvæðagreiðslu, er fram fór 2. og 3. þ. m., hefur félagið samþykkt, að kaupgjald félagsmanna breytist þannig frá núverandi kauptöxtum:

Grunnkaup sveina verður kr. 4.30 um klst.

Grunnkaup vélamanna verði — 4.50 — —

Grunnkaup meistara og verkstjóra verði . — 4.75 — —

Verði yfirvinna unnin greiðist hún með 60% álagi eins og áður og nætur- og helgidagavinna með 100% álagi.

Breytingin kemur til framkvæmda frá 10. þ. m.

Reykjavík, 7. apríl 1949. — Félagsstjórnin.“

Með þessari auglýsingu átti kauptaxti sá, er áður hafði gilt að falla niður, án þess að nokkrar tilkynningar hefðu áður verið gefnar út um það af hálfu stefnanda. Þann 5. apríl s.l., eða sama dag og trúnaðarmannaráðið tók ákvörðun um það, frá hvaða tíma nýi kauptaxtinn skyldi gilda, átti framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands tal við skrifstofustjóra stefnanda og einnig við formanninn, og fékk hjá þeim upplýsingar um það, hvaða kauphækkningar væru væntanlegar. Fór hann þá þess á leit við formanninn, að viðræður færu fram milli trúnaðarmanna stefnanda og fyrirsvarsmanna vinnuveitendasambandsins um mál þetta, þar sem hér væri um viðtækar og áhrifamiklar kauphækkningar að ræða. En formaður stefnanda taldi slíkar umræður tilgangslausar og varð ekki af þeim þá. Hinn 29. apríl ritar Vinnuveitendasamband Íslands stjórn stefnanda og býður henni til fundar næsta dag ásamt fulltrúum frá ríkisstjórninni og Reykjavíkurbæ, og á þessum fundi var því lýst yfir, að vinnuveitendasambandið gæti ekki viðurkennt hinn nýja taxta. Kveður stefndi, að dráttur sá, er varð á því, að vinnuveitendasambandið hæfist handa, eftir að kauptaxtinn var auglýstur, hafi bæði stafað

af helgidögum þeim, er þá fóru í hönd vegna páskanna, og svo vegna veikinda framkvæmdastjóra þess. Þann 4. maí tilkynnti vinnuveitendasambandið stefnanda bréflega, að það óskaði eftir samningum við hann, og að hvorki það, ríkissjóður né Reykjavíkurbær viðurkenndu hinn nýja kauptaxta, og sama dag bannaði sambandið með auglýsingu í Ríkisútvarpinu félagsmönnum sínum að greiða kaup samkvæmt honum. Daginn eftir birti það samskonar auglýsingu í dagblöðum Reykjavíkur.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi, þ. e. Almenna byggingarfélagið h. f., hafi strax frá 10. apríl s.l. farið eftir hinum nýja kaupgjaldstaxta í öllum greinum svo sem vinnuskrár til 7. maí beri með sér. Þessu til sönnunar bendir hann á, að stefndi hafi sjálfur fært á kaupgjaldsskrár sínar kaupíð samkvæmt nýja kauptaxtanum og sent þær þannig gerðar á skrifstofu stefnanda, svo sem venja er. Með þessari framkvæmd hafi hann augljóslega játazt undir ákvæði kauptaxtans, og þannig stofnast milli hans og stefnanda vinnusamningur, sem jafngildi skriflegum vinnusamningi samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 og lúti ákvæðum þeirrar greinar.

Stefndi mótmælir því hins vegar, að stofnast hafi nokkur vinnusamningur samkvæmt 6. gr. nefndra laga milli sín og stefnanda. Byggir hann mótmæli sín fyrst og fremst á því, að samkvæmt nefndri grein skuli vinnusamningar vera skriflegir, en hann hafi hvorki samþykkt kauptaxtann skriflega né gengist undir ákvæði hans með öðrum þeim hætti, er jafngildi skriflegu samþykki. Þá neitar hann því og, að hafa fylgt ákvæðum hans í öllum greinum, þannig, að hann hafi að öllu leyti breytt kaupgreiðslum til trésmiða þeirra, er á hans vegum unnu, vegna ákvæða kauptaxtans eða í sambandi við ákvæði hans, því svo hafi staðið á um suma trésmiðina, að þeir hafi þegar fyrir 10. apríl fengið það kaup, sem taxtinn kvað á um, en haldið því áfram óbreyttu eftir þann tíma. Auk þessa kveður stefnandi sig ekki hafa getað gert vinnusamning upp á sitt einsdæmi, þar sem hann sé félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands, en samkvæmt 20. gr samþykktu þess sé einstökum félögum óheimilt að gera vinnusamninga án samþykkis

trúnaðarmanna sambandsins. Þá mótmælir stefndi því, að hægt sé að jafna kaupskránum til skriflegs samþykkis.

Kauptaxti sá, er um ræðir í máli þessu, geymir, eins og að iraman er greint, aðeins fyrirmæli um fjárhæð vinnulauna á klst., en að öðru leyti geymir hann engin þau ákvæði, sem venjulegt er, að sett séu í kjarasamninga, svo sem ákvæði um matar- og kaffitíma, lengd dagvinnu, flutning verkamanna o. fl. þess háttar. Ekkert er fram komið um það, að stefnda hafi verið sendur kauptaxtinn sérstaklega né hann gengið skriflega við honum, eða beinlínis viðurkennt hann gagnvart trúnaðarmönnum stefnanda. Svo virðist að vísu, að stefndi hafi breytt kaupgreiðslum til trésmiða þeirra, er á hans vegum unnu, til samræmis við ákvæði kauptaxtans, þó svo, að stöku maður, sem áður hafði fengið það kaup, sem í taxtanum greindi, virðist hafa haldið því óbreyttu áfram. En þegar annars vegar er litið til fyrirmæla 6. gr. laga nr. 80/1938 um að vinnusamningar, þ. e. samningar um kaup og kjör milli stéttarféлага og vinnuveitenda, skuli vera skriflegir, en hins vegar virt þau atriði, sem að framan eru rakin, verður ekki talið, að kaupgreiðslur stefnda samkvæmt oftnefndum kaup-taxta svo skamman tíma, sem um var að ræða, geti leitt til þess, að talið verði, að stofnast hafi milli aðilja máls þessa skriflegur vinnusamningur samkvæmt nefndri 6. gr., eða ígildi slíks samnings. Er þá og höfð hliðsjón af því, að stefnda var samkvæmt samþykktum vinnuveitendasambandsins óheimilt án samþykkis forráðamanna þess að gera á eigin spýtur samning við stefnanda um kaup eða kjör.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Almenna byggingarfélagssins h. f., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Trésmiðafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Í málinu er viðurkennt, að stefnda var kunnugt um efni kauptaxta þess, sem Trésmiðafélag Reykjavíkur auglýsti 8. apríl s.l., og gekk í gildi 11. s. m.

Hvorki stefndi né vinnuveitendasambandið mótmæltu kauptaxtanum eftir að hann var auglýstur fyrr en á fundi 30. apríl, með bréfi 4. maí og auglýsingu í Ríkisútvarpinu 5. maí. Frá 10. apríl til 7. maí greiddi stefndi trésmiðum, sem voru í hans þjónustu, kaup samkvæmt hinum auglýsta kauptaxta fyrirvaralaust og sendi kaupskrár þannig frágengnar vikulega á skrifstofu Trésmiðafélags Reykjavíkur. Þykir stefndi með þessum aðgerðum hafa viðurkennt hinn auglýsta kauptaxta, svo sem hann hefði undirskrifað kaup og kjarasamning. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kauptaxti, sem stefnandi auglýsti 8. apríl s.l. og gekk í gildi 11. s. m., er viðurkenndur af stefnda og gilda því um hann ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 1. júní 1949.

Nr. 9/1949.

Alþýðusamband Íslands f. h.

Vélstjórafélags Ísfirðinga

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

H/f Nirði (Björgvin Sigurðsson hdl.)

Varadómari Ragnar Jónsson
í stað **Gunnlaugs E. Briem.**

Úrskurður um öflun frekari gagna.

Úrskurður.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt með tilvísun til 56. gr. laga nr. 80/1938, að leita frekari upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Aðiljar eru sammála um það, að II. gr. í samningi þeirra, dags. 28. des. 1946, (rskj. 9) hafi verið framkvæmd svo, að